

Reykjavík, 22. september 2021
SFS2021090189
217. fundur
HG/geb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um umfang kostnaðar við skemmtanir og fleira á vegum grunnskóla borgarinnar

Á 215. fundi skóla- og frístundaráðs 14. september 2021 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á borgarstjórnarfundum í lok árs 2018 (18.12.2018) var samþykkt tillaga þess efnis að kanna umfang þess kostnaðar sem börn og forráðamenn þeirra þurfa að greiða vegna skemmtana, viðburða og ferða á vegum grunnskóla borgarinnar. Tillagan fól í sér að óskað yrði eftir upplýsingum um þátttöku barna og kostnað þeirra af slíkum viðburðum, sundurliðað eftir skólum og hverfum borgarinnar. Tillagan var sett fram af Sósíalistasflokki Íslands en þar sem þær upplýsingar höfðu ekki verið skráðar var samþykkt breytingartillaga um að byrja að skrá þær upplýsingar. Þann 27. ágúst 2020 óskaði fulltrúi Sósíalista eftir upplýsingum um hvar þetta verkefni væri stadd og fékk svör í borgarráði 17. september 2020 frá skóla- og frístundasviði þar sem fjallað var almennt um kostnaðarskiptingu eftir skólum, þ.e.a.s. hvort hún væri hjá skólum, foreldrum eða að nemendur safni fyrir greiðslum. Í svarinu var vísað til fyrirspurnar Flokks fólksins. Fulltrúi Sósíalista spyr því hvort að upplýsingar liggi fyrir um það sem ákveðið var að safna í umræddri tillögu sem samþykkt var í lok árs 2018? Ef svo er, er þá hægt að sjá þær niðurstöður?

Svar:

Til að svara upphaflegu fyrirspurninni frá áheyrnarfulltrúa Sósíalista var eftirfarandi spurning send til skólastjóra allra almennra grunnskóla borgarinnar: **Hverjir hafa greitt fyrir þátttöku nemenda í skólaferðalögum, ferðum á söfn, leikhús ofl. á þessu skólaári?** Tekin voru saman svör frá 36 skólastjórum um hver greiddi fyrir ferðalög og aðra viðburði fyrir nemendur á vegum skólans skólaárið 2018-19. Könnunin sem gerð var leiddi í ljós að skólarnir greiða að stærstum hluta kostnað vegna ferðalaga nemenda og þátttöku í ýmsum viðburðum á vegum skólans eins og gert er ráð fyrir skv. grunnskólalögum. Algengast var að foreldrar taki þátt í kostnaði vegna ferðalaga með gistingu en skv. úrskurði ráðuneytis er heimilt að innheimta gjöld frá foreldrum vegna gistingar og uppihalds í slíkum ferðum. Einnig greiða foreldrar í einhverjum tilvikum fyrir þátttöku í árshátíð en að auki safna nemendur fyrir kostnaði og skólar leggja einnig til fjármagn vegna þessara viðburða.

Í upphafi skólaárs 2020 – 2021 voru skólastjórar beðnir að halda yfirlit yfir þann kostnað sem nemendur eða foreldrar þeirra bera vegna ferðalaga og viðburða á vegum grunnskólanna. Þar sem félagsstarf og viðburðir á vegum skóla voru í lágmarki á síðasta skólaári vegna samkomutakmarkana og skerts skólastarfs gaf það ekki alveg rétta mynd af þeim kostnaði sem óskað er upplýsinga um. Því voru skólastjórar vinsamlega beðnir að halda yfirlit yfir þann kostnað sem börn og forráðamenn þeirra þurfa að standa straum af á skólaárinu 2021 – 2022.

Niðurstöður og svör við fyrirspurninni munu því ekki liggja fyrir fyrr en í lok yfirstandandi skólaárs.